

Ár 1995, miðvikudaginn 6. desember var í málinu nr. 8/1995 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

### ÚRSKURÐUR

Með bréfi 30. apríl 1995 kærði Þorsteinn Ólafur Þorsteinsson viðskiptafræðingur, f.h. Pálma Egilssonar á Selfossi úrskurð Fasteignamats ríkisins á Selfossi frá 3. mars 1995 varðandi fasteignamat atvinnuhúsnaðis að Gagnheiði 43, Selfossi. Í bréfi kæranda segir m.a.

"Umbjóðandi minn hefur verið mjög ósáttur við fasteignamat á atvinnuhúsnaði sínu að Gagnheiði 43, Selfossi, frá 1. desember 1992. Í meðfylgjandi kæru til Fasteignamats ríkisins leiðir hann rök að því og biður um endurmat á fasteigninni fyrir árin 1992, 1993 og 1994. Í fyrrnefndum úrskurði er fasteignamat leiðrétt fyrir árin 1993 og 1994. Því er þess krafist hér, að fasteignamat þann 1. des. 1992 verði einnig leiðrétt. Ef ekki er fallist á það óska ég sérstaklega eftir rökstuðningi fyrir því í samræmi við ný stjórnarsýslulög."

Hinn kærði úrskurður Fasteignamats ríkisins frá 3.3. 1995 endurákvarðar fasteignamat eignarinnar miðað við 1. desember 1993 og 1. desember 1994. Úrskurður þessi fjallar hins vegar ekki um fasteignamat umræddrar eignar þann 1. desember 1992, en þess var sérstaklega óskað í beiðni eigandans til Fasteignamats ríkisins um endurmat á eigninni, sem dagsett er 8. ágúst 1994.

Svo sem fram kemur í bréfi kæranda er það fasteignamat eignarinnar hinn 1. desember 1992, sem er til úrlausnar í þessu máli. Yfirfasteignamatsnefnd taldi rétt, að Fasteignamat ríkisins tæki afstöðu til þessa álitaefnis, svo sem eigandi hafði óskað með hinu tilvitnaða bréfi sínu frá 8. ágúst 1994 og ritaði nefndin Fasteignamati ríkisins á Selfossi erindi dags. 28. maí 1995 þar að lútandi. Í svarbréfi Fasteignamats ríkisins á Selfossi til Yfirfasteignamatsnefndar dags. 20. júní 1995 segir m.a. :

"Hinn 13. apríl 1993 kærði Pálmi Egilsson fasteignamat það á ofangreindri eign, sem gildi tók 1. des. 1992. Úrskurður í málinu var felldur hinn 27. ág. 1993. Þeim úrskurði var ekki áfrýjað til Yfirfasteignamatsnefndar.

Með útgáfu fasteignaskrár hinn 1. des. 1993 féll úr gildi fasteignamat það, sem gildi tók 1. des. 1992. Þar með féll niður kæruheimild vegna fasteignamats 1. des. 1992, enda hafði hún þegar verið nýtt eins og að framan er rakið."

Jafnframt lét umdæmisskrifstofa FMR á Selfossi nefndinni í té ljósrít af endurmatsbeiðni Pálma Egilssonar frá 13. apríl 1993 og úrskurði sínum, dags. 27. ágúst 1993, varðandi fasteignamat eignarinnar hinn 1. desember 1992.


Hinn 29. sept. 1995 gengu fulltrúar Yfirfasteignamatsnefndar á vettvang og skoðuðu eignina í fylgd eiganda hennar Pálma Egilssyni og Bergsveini Halldórssyni fulltrúa Selfossbæjar og kynntu sér málavöxtu. Húsið er stálgrindahús, 5 súlubil og milliloft í hluta hússins, allt fullfrágengið og innréttað sem líkamsræktarstöð. Húsið var fullgert á árinu 1991 og hefur verið óbreytt síðan.

Upplýst er í málinu, að eigandi óskaði m.a. eftir endurskoðun Fasteignamats ríkisins á hinu umdeilda mati pr. 1. des. 1992 með bréfi 13. apríl 1993 og kvað stofnunin upp úrskurð sinn 27. ágúst sama ár, án þess að afstaða væri tekin til þessarar beiðni eiganda.


Líta verður svo á, að bréf eiganda til Fasteignamats ríkisins á Selfossi frá 8. ágúst 1994 sé beiðni um endurupptöku máls, að því er fasteignamat hinn 1. des. 1992 varðar. Sú beiðni hefur samkvæmt gögnum málsins ekki enn hlotið formlega umfjöllun og þykir því rétt að vísa málinu til afgreiðslu Fasteignamats ríkisins á Selfossi.

### ÚRSKURÐARORÐ

Málinu er vísað til Fasteignamats ríkisins til afgreiðslu.



Pétur Stefánsson



Guðmundur Magnússon



Guðný Björnsdóttir